

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/140

2015/EES/55/34

frá 29. janúar 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar starfsfríð í stjórnklefa og leiðréttingu þeirrar reglugerðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Flugrekendur og starfsfólk, sem tekur þátt í starfrækslu tiltekinna loftfara, verða að uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem settar eru fram í 8. lið b í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ⁽²⁾ eru sett skilyrði um örugga starfrækslu loftfara.
- 3) Til að bregðast við þeirri áhættu sem tengist hugsanlegum mistökum, sem geta átt sér stað ef flugliðar verða fyrir ónáði eða truflun á tilteknum stigum flugsins, ætti að krefjast þess að flugrekendur tryggi að flugverjar þurfi ekki að sinna neinum öðrum störfum á varasömustu stigum flugsins en þeim sem nauðsynleg eru til að tryggja örugga starfrækslu loftfarsins.
- 4) Í reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eru sett takmörk fyrir því hversu margir mega vera um borð meðan á sérstakri starfrækslu stendur. Ástæður er varða öryggissjónarmið réttlæta þó ekki þessa takmörkun. Því ætti að breyta 7. mgr. 5. gr.
- 5) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 71/2014 ⁽³⁾ var 9. gr. a bætt við reglugerð (ESB) nr. 965/2012. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 83/2014 ⁽⁴⁾ var annarri 9. gr. a bætt við sem hefði í raun átt að vera 9. gr. b. Til glöggvunar og sökum réttarvissu ætti því að skipta út 9. gr. a, eins og henni var bætt við með reglugerð (ESB) nr. 83/2014, og merkja hana með réttum hætti.
- 6) Með skírskotun til réttarvissu og til að tryggja samræmda notkun hugtaka í reglugerð (EB) nr. 216/2008 er nauðsynlegt að leiðrétta á tilteknum tungumálum tiltekin hugtök sem notuð eru í reglugerð (ESB) nr. 965/2012.
- 7) Því ber að breyta og leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitni Flugöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁵⁾ í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 24, 30.1.2015, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 71/2014 frá 27. janúar 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 23, 28.1.2014, bls. 27).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 83/2014 frá 29. janúar 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 28, 31.1.2014, bls. 17).

(5) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 05/2013 frá 10. júní 2013 varðandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar þar sem ákvarðaðar eru framkvæmdarreglur um verklag í tengslum við starfsfríð í stjórnklefa.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Flugrekendur sem annast starfrækslu flugvéla og þyrlna, annarra en flókinna, vélknúinna flugvéla og þyrlna, sem og loftbelgja og svifflugna, sem er ekki í ábataskyni, þ.m.t. sérstaka starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, skulu starfrækja loftfarið í samræmi við ákvæðin sem tilgreind eru í VII. viðauka.“

b) Eftirfarandi komi í stað b-liðar 5. mgr.:

„b) aðrar flugvélar og þyrllur, sem og loftbelgi og svifflugur í samræmi við ákvæðin sem tilgreind eru í VII. viðauka.“

c) Í stað annars málslíðar 7. mgr. komi eftirfarandi:

„Að flugverjum undanskildum mega aðeins vera um borð þeir einstaklingar sem eru ómissandi fyrir ferðina.“

2) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málslíðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. 5. gr. skal starfrækja loftförin, sem um getur í 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, ef um er að ræða flugvélar, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2009) 7633 frá 14. október 2009 þegar þau eru notuð við flutningaflug.“

b) Í stað inngangsorðanna í 4. mgr. a komi eftirfarandi:

„4a. Þrátt fyrir 1. og 6. mgr. 5. gr. má eftirfarandi starfræksla flugvéla og þyrlna, annarra en flókinna, vélknúinna flugvéla og þyrlna, loftbelgja og svifflugna, fara fram í samræmi við VII. viðauka.“

3) Í stað 9. gr. a, eins og henni var bætt við með reglugerð (ESB) nr. 83/2014, komi eftirfarandi:

„9. gr. b

Endurskoðun

Flugöryggisstofnunin skal stöðugt endurskoða skilvirkni ákvæðanna um fartíma- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma sem tilgreind eru í II. og III. viðauka. Eigi síðar en 18. febrúar 2019 skal Flugöryggisstofnunin leggja fram fyrstu skýrsluna um niðurstöðurnar úr þessari endurskoðun.

Við endurskoðunina skal nýta vísindalega sérþekkingu, sem byggist á rekstrargögnum sem aflað hefur verið með aðstoð aðildarríkjanna, yfir langan tíma, eftir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

Við endurskoðunina skal meta hvaða áhrif a.m.k. eftirfarandi þættir hafa á árvekni flugáhafnar:

- a) vaktir, sem vara lengur en 13 klukkustundir, á heppilegasta tíma dags,
- b) vaktir, sem vara lengur en 10 klukkustundir, á óheppilegum tíma dags,
- c) vaktir, sem vara lengur en 11 klukkustundir, hjá þeim flugverjum þar sem ekki er vitað um ástand aðlögunar,
- d) vaktir sem samanstanda af mörgum flugleggjum (fleiri en sex),

- e) útkallsvaktir, t.d. bakvaktir eða varavaktir, þar sem næst á eftir koma flugvaktir, og
 - f) vinnuáætlanir sem valda röskun á mögulegri hvíld (e. *disruptive schedules*).“
- 4) Ákvæðum I., III., IV., VI. og VIII. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er leiðrétt sem hér segir:

- 1) Í stað 7. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„7. Þrátt fyrir ákvæði SPA.PBN.100 „Starfræksla sem byggist á hæfisbundinni leiðsögu“ í V. viðauka skal starfræksla flugvéla, annarra en flókinna, vélknúinna flugvéla, sem er ekki í ábataskyni, í tilgreindu loftrými, á flugleið eða í samræmi við verklag þar sem settar eru forskriftir um hæfisbundna leiðsögu, áfram fara fram samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í lögum aðildarríkjanna uns tilheyrandi framkvæmdarreglur hafa verið samþykktar og þær hafa tekið gildi.“

- 2) Ákvæði II., III., IV., VII. og VIII. viðauka eru leiðrétt eins og fram kemur í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó skal 3. mgr. 1. gr. gilda frá og með 18. febrúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I., III., IV., VI. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 109. liður a bætist við í I. viðauka:

„109a) „starfsfriður í stjórnklefa“ (e. *sterile flight crew compartment*): hvert það tímabil sem hvorki má ónáða né trufla flugliða nema þegar yfirvofandi hætta steðjar að öruggri starfrækslu loftfarsins eða öryggi þeirra sem eru um borð,“.

2) Í III. viðauka (ORO-HLUTA) eru gerðar eftirfarandi breytingar:

a) Í stað f-liðar í ORO.GEN.110 komi eftirfarandi:

„f) Flugrekandi skal setja verklagsreglur og gefa út fyrirmæli um örugga starfrækslu fyrir hverja tegund loftfars fyrir sig þar sem tilgreind eru skyldu- og ábyrgðarstörf starfsfólks á jörðu niðri og flugverja við hvers konar starfrækslu á jörðu niðri og á flugi. Í þessum verklagsreglum og fyrirmælum skal ekki gerð krafa um að flugverjar sinni öðrum störfum á varasömstu stigum flugsins en þeim er lúta að öruggri starfrækslu loftfarsins. Einnig skulu settar verklagsreglur og fyrirmæli um starfsfrið í stjórnklefa.“

b) Í stað a-liðar í ORO.MLR.105 komi eftirfarandi:

„a) Eins og tilgreint er í lið 8.a.3 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 skal listi yfir lágmarksbúnað (MEL) settur saman og skal hann byggjast á viðeigandi grunnlista yfir lágmarksbúnað (MMEL), eins og skilgreint er í gögnunum sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 748/2012. Ef grunnlisti yfir lágmarksbúnað (MMEL) hefur ekki verið ákvarðaður sem hluti af gögnum um örugga starfrækslu má byggja listann yfir lágmarksbúnað (MEL) á viðeigandi grunnlista yfir lágmarksbúnað, sem ríki flugrekanda eða skráningarriki hefur samþykkt, eftir því sem við á.“

3) Eftirfarandi liður bætist við í IV. viðauka (CAT-HLUTA):

„CAT.GEN.MPA.124 Akstur loftfara

Flugrekandi skal ákvarða verklag um loftför til að tryggja örugga starfrækslu og efla öryggi á flugbrautum.“

4) Eftirfarandi liður bætist við í VI. viðauka (NCC-HLUTA):

„NCC.GEN.119 Akstur loftfara

Flugrekandi skal ákvarða verklag um akstur loftfara til að tryggja örugga starfrækslu og efla öryggi á flugbrautum.“

5) Eftirfarandi liður bætist við í VIII. viðauka (SPO-HLUTA):

„SPO.GEN.119 Akstur loftfara

Flugrekandi skal ákvarða verklag um akstur loftfara til að tryggja örugga starfrækslu og efla öryggi á flugbrautum.“

II. VIÐAUKI

Ákvæði I, III., IV., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í II. viðauka eru gerðar eftirfarandi breytingar:

a) Í stað 8. liðar a-liðar í ARO.GEN.220 komi eftirfarandi:

„8) eftirlit með starfrækslu loftfara, annarra en flókinna, vélknúinna loftfara, sem flugrekendur, í starfrækslu sem er ekki í ábataskyni, annast.“

b) Í stað 3. liðar a-liðar í ARO.GEN.300 komi eftirfarandi:

„3) að flugrekendur, sem annast starfrækslu loftfara, annarra en flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni, fari áfram að viðeigandi kröfum og“.

2) Í III. viðauka eru gerðar eftirfarandi breytingar:

a) Í stað ii. liðar k-liðar í ORO.GEN.110 komi eftirfarandi:

„ii. þyrlum, öðrum en flóknum, vélknúnum þyrlum, með einum hreyfli, með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fimm eða færri.“

b) Eftirfarandi komi í stað 2. liðar b-liðar í ORO.FC.005:

„2) starfrækslu flutningaflugs með farþega, sem fer fram við sjónflugsskilyrði að degi til, sem hefst og lýkur á sama flugvelli eða starfrækslusvæði og innan staðbundins svæðis, sem lögbært yfirvald tilgreinir, að því er varðar:

- eins hreyfils flugvél, sem er knúin skrófuhreyflum, með 5 700 kg skráðan hámarksflugtaksmassa eða minna og hámarksfjölda farþega í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fimm eða
- þyrlur, aðrar en flóknar, vélknúnar þyrlur með einum hreyfli, með hámarksfjölda farþega í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fimm.“

c) Eftirfarandi komi í stað 2. liðar d-liðar í ORO.FC.105:

„2) starfrækslu flutningaflugs með farþega, sem fer fram við sjónflugsskilyrði að degi til, sem hefst og lýkur á sama flugvelli eða starfrækslusvæði eða innan staðbundins svæðis, sem lögbært yfirvald tilgreinir, að því er varðar þyrlur, aðrar en flóknar, vélknúnar þyrlur með einum hreyfli, með hámarksfjölda farþega í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir fimm.“

d) Eftirfarandi komi í stað 4. liðar b-liðar í ORO.FC.230:

„4) Flugliði, sem tekur þátt í starfrækslu þyrlna, annarra en flókinna, vélknúinna þyrlna, að degi til og á flugleiðum þar sem flogið er með hliðsjón af kennileitum, má ljúka hæfniprófi flugrekanda á aðeins eina af þeim viðeigandi tegundum sem hann hefur réttindi á. Hæfnipróf flugrekanda skal ávallt fara fram á þá tegund sem lengst er síðan hæfniprófið var tekið á. Viðeigandi tegundir þyrlna, sem heimilt er að flokka að því er varðar hæfnipróf flugrekanda, skulu koma fram í rekstrarhandbókinni.“

e) Eftirfarandi komi í stað 5. liðar b-liðar í ORO.FC.230:

„5) Þrátt fyrir 2. lið a-liðar í ORO.FC.145 hefur flugstjóri með tilskilin starfsréttindi, sem tilnefndur er af flugrekanda og hefur hlotið þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu og mati á hæfni í stjórnun áhafnarsamvinnu, heimild til að framkvæma mat á hæfni vegna starfrækslu þyrlna, annarra en flókinna, vélknúinna þyrlna, að degi til og á flugleiðum þar sem flogið er með hliðsjón af kennileitum, sem og flugvéla í afkastagetuflokki B. Flugrekandinn skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um þá einstaklinga sem voru tilnefndir.“

3) Í IV. viðauka eru gerðar eftirfarandi breytingar:

a) Í stað inngangsorða b-liðar í CAT.GEN.MPA.180 komi eftirfarandi:

„b) þrátt fyrir a-lið er heimilt að geyma eftirfarandi skjöl og upplýsingar á flugvelli eða starfrækslusvæði, ef um er að ræða flug samkvæmt sjónflugsglum að degi til, þar sem loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, taka á loft og lenda á sama flugvelli eða starfrækslusvæði innan 24 klukkustunda eða halda kyrru fyrir innan staðbundins svæðis sem tilgreint er í rekstrarhandbók.“

b) Eftirfarandi komi í stað 1. liðar b-liðar í CAT.OP.MPA.100:

„1) sjónflug að degi til, að því er varðar flugvélar, aðrar en flóknar, vélknúnar flugvélar.“

- c) Eftirfarandi komi í stað 1. liðar b-liðar í CAT.OP.MPA.105:
- „1) flugvélar, aðrar en flóknar, vélknúnar flugvélar, og“.
- d) Í stað a-liðar í CAT.OP.MPA.130 komi eftirfarandi:
- „a) Nema um sé að ræða sjónflug flugvéla, annarra en flókinna, vélknúinna flugvéla, skal flugrekandi setja viðeigandi verklagsreglur um brottfærir og komu- eða aðflug fyrir sérhverja tegund flugvélar, með tilliti til þeirrar þarf að lágmarka áhrif hávaða frá loftförum.“
- e) Eftirfarandi komi í stað c-liðar í CAT.OP.MPA.135:
- „c) Ákvæði 1. liðar a-liðar gildir einungis um sjónflug að degi þegar loftförum, öðrum en flóknum, vélknúnum loftförum, er flogið frá og til sama flugvallar eða starfrækslusvæðis.“
- f) Eftirfarandi komi í stað 1. liðar c-liðar í CAT.OP.MPA.175:
- „1) að því er varðar flugvélar, aðrar en flóknar, vélknúnar flugvélar, sem taka á loft og lenda á sama flugvelli eða starfrækslusvæði eða,“.
- 4) Í VII. viðauka eru gerðar eftirfarandi breytingar:
- a) Í stað titilsins komi eftirfarandi:
- „STARFRÆKSLA LOFTFARA, ANNARRA EN FLÓKINNA, VÉLKNÚINNA LOFTFARA, SEM ER EKKI Í ÁBATASKYNI“.
- b) Í stað NCO.SPEC.100 komi eftirfarandi:
- „NCO.SPEC.100 Gildissvið**
- Í þessum kafla eru settar sérstakar kröfur, sem flugstjóra ber að fylgja þegar hann annast sérstaka starfrækslu með loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem er ekki í ábataskyni.“
- 5) Í VIII. viðauka eru gerðar eftirfarandi breytingar:
- a) Eftirfarandi komi í stað b-liðar í SPO.GEN.005:
- „b) Þrátt fyrir a-lið skal sérstök starfræksla loftfara, annarra en flókinna, vélknúinna loftfara, sem er ekki í ábataskyni, uppfylla ákvæði VII. viðauka (NCO-hluta).“
- b) Í stað inngangsorða c-liðar í SPO.GEN.005 komi eftirfarandi:
- „c) Þrátt fyrir a-lið má eftirfarandi starfræksla loftfara, annarra en flókinna, vélknúinna loftfara, fara fram í samræmi við ákvæði VII. viðauka (NCO-hluta).“
- c) Eftirfarandi komi í stað c-liðar í SPO.IDE.A.160:
- „c) að því er varðar flugvélar, aðrar en flóknar, vélknúnar flugvélar, sætisbelti með festibúnaði fyrir efri hluta bols á hverju sæti flugliða, sem hægt er að losa með einu átaki,“.
- d) Í stað fyrirsagnar í SPO.IDE.H.195 komi eftirfarandi:
- „Flug yfir hafi eða vatni — þyrlur, aðrar en flóknar, vélknúnar þyrlur“.**
- e) Í stað inngangsorða SPO.IDE.H.203 komi eftirfarandi:
- „Flóknar, vélknúnar þyrlur, sem flogið er yfir hafi eða vatni í ótryggu umhverfi, í fjarlægð frá landi sem er meiri en sem svarar 10 mínútna flugi á eðlilegum farflugshraða, og þyrlur, aðrar en flóknar, vélknúnar þyrlur, sem fljúga yfir hafi eða vatni í ótryggu umhverfi sem er meira en 50 sjómílar frá landi, skulu.“.